

NÁNDIN, STARFIÐ OG ÞEKKINGIN

Grein í Mbl. 3. nóvember

Eftir Jonas Gahr Støre, utanríkisráðherra Noregs

Íslendingar og Norðmenn eiga sér sameiginlega framtíð í norðri. Ísland stendur föstum fótum í nútímanum, býr yfir miklum möguleikum, þekkingu og mikilvægum náttúruauðlindum. Ríkjunum er það nauðsynlegt að eiga náið samstarf í mikilvægum málaflokkum, bæði sín á milli og við önnur lönd í heimshlutanum, til að tryggja stöðugleika og sjálfbærni í umhverfis-, atvinnu- og öryggismálum.

Samskipti Íslendinga og Norðmann hafa verið sérlega nán undanfarið. Efnahagsleg heimskreppa hefur komið mjög harkalega niður á frændþjóð okkar í vestri. Samstaða Norðurlanda á ekki síst að koma fram við þær aðstæður. Íslenska ríkisstjórnin þarf augljóslega að taka mjög erfiðar ákvarðanir í þröngri stöðu og við Norðmenn erum tilbúnir til þess að leggja umtalsvert af mörkum til sameiginlegrar aðstoðar til handa Íslendingum.

Kreppan er glöggt dæmi um hve allar þjóðir heims verða hver annarri stöðugt háðari á okkar tímum. Það breytir þó ekki því víðtæka skipulagi sem við vinnum eftir á Norðurlöndum. Við horfum fram á veg og viljum í sameiningu móta rammaskilyrði fyrir heilbrigða og varanlega þróun.

Á undanförunum árum hefur áhugi umheimsins á nyrstu svæðum heims aukist að mun. Miklar líkur eru taldar á að olía finnist í verulegu magni á norðurskautssvæðinu, bráðnun hafíss getur opnað okkur nýjar norðlægar siglingaleiðir á milli heimshluta, starfsemi Rússa færir stöðugt í aukana í norðri og þar gefast einstakar aðstæður til rannsókna á breytingum á veðurfari og mengun í hafi. Af þessum sökum leggja allar þjóðir heimshlutans nú stöðugt meiri áherslu á mál sem varða lögsögu, ábyrga umsjón auðlinda og framfylgd laga. Þetta er sjálfsagt og ekkert neikvætt við það. Gildandi lög og samningar stuðla að því að leysa óleyst vandamál án deilna og átaka.

Norsk stjórnvöld leggja í stefnumörkun sinni varðandi norðursvæðin mesta áherslu á að styrkja samstarfið við Rússland. Rússar hafa verið nágrannar Norðmanna í þúsund ár og þjóðirnar þolað ýmislegt saman. Íbúar í dreifbýlinu á norðurslóðum, langt frá aðsetri stjórnvalda, áttu víðtækri gagnkvæmri verslun og vöruskiptum á 19. öld mikið að þakka. Við stóðum saman í síðara heimsstríði. Bæði Norðmenn og Íslendingar lögðu umtalsvert af mörkum til siglinga birgðaskipalestanna en Rússar færðu stærstu fórnirnar. Þegar Rússland gekk í gegnum mjög erfitt breytingatímabil á tífunda áratug síðustu aldar sýndu Norðmenn mikið örlæti.

Það er líka nauðsynlegt er að hafa Rússa að bandamönnum til framtíðar. Án þeirra verður hvorki um norðurskautssamstarf að ræða né ábyrga umsjón með þorskstofnum og öðrum fiskistofnum. Rússland er afar mikilvægt markaðssvæði fyrir fiskafurðir. Við höfum þörf fyrir rússneska sérfræðinga og þeir fyrir aflandstækni okkar. Samstarf við Rússa er forsenda fullnægjandi staðla í umhverfis- og öryggismálum með aukinni efnahagslegri starfsemi á þessum viðkvæmu svæðum. Gagnkvæm menningaráhrif eru ómissandi. Við þörfumst upplýsinga og sérfræðiþekkingar Rússa til þess að komast að sannfærandi vísindalegum niðurstöðum. Við verðum að starfa saman að öryggi á sviði kjarnorkumála.

Allt þetta eru fullnægjandi rök fyrir því að Norðmenn hafa ærna ástæðu til þess að móta sér heildstæða stefnu gagnvart Rússlandi. Ýmsir spyrja hvort hægt sé eða rétt að halda áfram

nánu svæðisbundnu samstarfi við Rússa í norðri eftir innrás þeirra í Georgíu. Norðmenn hafa líkt og önnur vestræn ríki gert Rússum skýra grein fyrir afstöðu sinni til framkomu Rússa gagnvart sjálfstæðu grannríki. Enginn vafi leikur á áliti okkar. Við höfnum valdbeitingu og friðarrofi gagnvart fullveldi ríkja. Framkoma Rússa hefur skaðað orðspor þeirra og gerir að verkum að menn óttast um þróun Lýðræðis á evrópskum réttarfarsgrunni í Rússlandi. Mat okkar er engu að síður það að bæði Norðmenn og Rússar eigi áfram mikilla sameiginlegra hagsmuna að gæta í að halda því áfram að þróa gott nábyli í norðri og samstarf um hagnýtar lausnir á þeim vandamálum sem varða bæði ríkin.

Stefnumörkun okkar í norðri byggist á því að hagsmunir okkar eiga sér djúpar rætur í þróuðum lýðræðishefðum sem mótað hafa bæði í Evrópu og handan hafs. Þegar skilin á milli austurs og vesturs tóku að mást út í Evrópu í upphafi tíunda áratugar áttum við frumkvæði að samstarfi á Barentshafssvæðinu og unnum þar ásamt norrænum vinabjóðum og ESB að samstarfi við Rússa, þvert á öll mæri og svæðisbundna hagsmuni. Þann 28. október lögðu Íslendingar, Norðmenn, Rússar og ESB í sameiningu áherslu á norrænu víddina á ráðherrafundi í Pétursborg. Við eigum ásamt Íslendingum umfangsmikla aðild að samstarfi evrópskra stofnana. Við höfum styrkt stöðir samstarfs í Norðurskautsráðinu um veðurfar, umhverfi og umsjón auðlinda. Atlantshafsbandalagið tryggir frelsi okkar og öryggi og samþættingarstefnan gagnvart Rússum stendur þar styrkum fótum. Rússar vilja nú að sinni draga sig út úr samstarfinu við Atlantshafsbandalagið en engu að síður höldum við samskiptaleiðum opnum.

Efnahagsstyrkur Rússa hefur aukist síðan um tugaldamótin og þeir vilja marka sér bás á ný í alþjóðlegum vettvangi svo stjórnvöld hafa lagt áherslu á að sýna mátt sinn og megin. Gott dæmi um þetta er aukin nærvera Rússahers á norskum og íslenskum svæðum. Þetta er þó langt frá því sömu aðstæður og á dögum kalda stríðsins og ég er því ekki sammála að við búum nú við rússneska „ógn“. Þessi starfsemi kallar þó á viðeigandi viðbrögð af okkar hálfu.

Norðmenn er því mjög ánægðir með það framtak Íslendinga innan Atlantshafsbandalagsins sem hefur stuðlað að aukinni áherslu á Norður-Atlantshaf. Við fögnum því einnig að nú er gerður minni greinarmunur á norrænum ríkjum innan og utan Atlantshafsbandalagsins hvað öryggismál varðar og þau eru því orðin eðlilegur og mikilvægur þáttur í norrænu samhengi. Alþjóðlegar friðaraðgerðir í fjarlægum heimshornum hafa auðvitað haft mikil áhrif á þessa þróun en það á líka við um íslensk öryggismál. Breyttar aðstæður á þessu sviði hafa bætt nýjum þætti við samstarf Norðmanna og Íslendinga. Bæði ríkin eiga ríkra hagsmuna að gæta í nánu samstarfi um strandgæslu, eftirlit úr lofti og þjálfun starfsliðs.

Umræða um öryggismál á sér þó aðra og ekki síður mikilvæga hlið, öruggan grundvöll áframhaldandi búsetu í löndunum tveimur. Þar má einkum benda á þrennt, lífkerfi sjávar, olíuleit og –nýtingu og rannsóknir og þekkingu.

Rússar og Íslendingar eru engir aukvisar í viðræðum um fiskveiðar en ég vona að Norðmenn standi þeim hvergi að baki á því sviði. Gagnkvæm virðing, ábyrgð og framsýni skilar þó mestum árangri. Fiskveiðar framtíðarinnar byggjast bæði á góðri umsjón auðlinda og tækniþróun. Miklir möguleikar eru einnig í fiskirækt og sjávarlíftækni.

Norðmenn vilja nálgast þróun olíuleitar og –vinnslu í Barentshafi af varkárni og hafa gert heildstæða umsjónaráætlun með auðlindum í Barentshafi og á hafsvæðum fyrir utan Lofoten. Í henni er reynt að ná eðlilegu jafnvægi á milli annars vegar sjónarmiða umhverfisverndar og fiskveiða og möguleika á olíu- og gasnýtingu hins vegar. Við fögnum áformum um starfsemi

á íslenska landgrunninu og álitum það ánægjuefni að Norðmenn og Íslendingar hafi náð samningum um nýtingu leitarsvæða sem heyra undir bæði ríkin.

Þrátt fyrir allt þetta verður að hafa í huga að rannsóknir og þróun verða mikilvægur vaxtarbroddur í atvinnulífinu á komandi árum. Íslendingar og Norðmenn hafa sérstakar forsendur til að gegna vísindalegu forystuhlutverki á norðurskautssvæðum og á sviði umhverfis- og loftslagsrannsókna. Við leggjum líka metnað okkar í að vera í fremstu röð í þróun á vistvænni orku sem er arðsöm atvinnugrein til framtíðar litið.

Lykilorðin í stefnu okkar á sviði norðurskautsmála eru nánd, starf og þekking. Markmiðum okkar náum við einungis í nánu og skuldbindandi samstarfi við önnur lönd í heimshlutanum. Íslendingar og Norðmenn byggja á sameiginlegum grunni og eiga sér sambærilega hagsmuni og sjónarmið. Þess vegna liggur í augum uppi að þjóðirnar eiga að standa fyrir þessu samstarfi.

Samstarf Íslendinga og Norðmanna byggir á ævagömlum grunni, er náíð og þeim til sóma. Það er mér mikið ánægjuefni að þróun mála í heimshluta okkar skuli færa því nýtt innihald.